

10. október 1983

149

Nr. 12

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

Samningur frá 2. mars 1982 um verndun lax í Norður-Atlantshafi öðlaðist gildi 1. október 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1982, þar sem samningurinn er birtur. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1983.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

30. desember 1983

Nr. 13

AUGLÝSING

um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Hinn 23. desember 1983 var finnska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samkomulags um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1966 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Reykjavík 15. júní 1983. Samkomulagið öðlast gildi 28. janúar 1984.

Í fylgiskjali 1 með auglýsingu þessari er samstarfssamningurinn birtur eins og honum hefur verið breytt með samningum frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974 og 15. júní 1983. Greinar sem bætt var inn með samkomulaginu frá 1971 eru merktar með stjörnumerki. Aðrar upplýsingar eru í neðanmálsgreinum. Í fylgiskjali 2 eru inngangsorð og lokaákvæði samkomulagsins frá 15. júní 1983.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1983.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.